

HV 2018-30
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Stofnmæling hrygningaráðsks með þorskanetum
(SMN) 1996-2018

Valur Bogason, Höskuldur Björnsson og Jón Sólmundsson

REYKJAVÍK JÚNÍ 2018

Stofnmæling hrygningaráðsks með þorskanetum (SMN) 1996-2018

Valur Bogason, Höskuldur Björnsson og Jón Sólmundsson

Haf- og vatnarannsóknir

Marine and Freshwater Research in Iceland



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Upplýsingablað

Titill: Stofnmæling hrygningarporsks með þorskanetum (SMN) 1996-2018

Höfundur: Valur Bogason, Höskuldur Björnsson og Jón Sólmundsson

Skýrsla nr: HV 2018-30	Verkefnisstjóri: Valur Bogason	Verknúmer: 9121
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 42	Útgáfudagur: 25. júní 2018
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	Dreifing: Opið	Yfirfarið af: Guðjón Már Sigurðsson.

Ágrip:

Valur Bogason, Höskuldur Björnsson og Jón Sólmundsson. Stofnmæling hrygningarporsks með þorskanetum (SMN) 1996-2018. HV 2018-30

Farið er yfir helstu niðurstöður rannsóknaverkefnisins Stofnmæling hrygningarporsks með þorskanetum (netarall) síðastliðin 23 ár og gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á sýnatöku og dreifingu stöðva.

Stofnvísitala þorsks hefur verið í hámarki frá árinu 2011 á flestum svæðum eftir að hafa verið í lágmarki árin 2002-2006. Kanturinn austan við Eyjar sker sig úr því þar var afli í hámarki fyrstu árin en mjög lítið hefur fengist þar af þorski frá árinu 2010. Undanfarin ár hefur fengist meira af stærri fiski en árin 1996-2002 sem er í samræmi við hærri aldur og stærð hrygningarstofns samkvæmt stofnmati. Ágætt samræmi er á þróun stofnvísitalna úr SMN og stofnmælingum með botnvörpu (SMB og SMH), sem sýna í samræmi við stofnmat að að hrygningarstofn þorsks hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2007.

Breytingar hafa orðið á vaxtarhraða (þyngd miðað við aldur) hjá þorski á rannsóknartímanum. Hann hefur aukist við vestanvert landið og við Norðurland, en minnkað fyrir suðaustan land. Hlutfall ókynþroska fisks hefur lækkað frá fyrstu árum rannsóknarinnar en kynþroskahlutfall eftir aldri hefur hins vegar ekki breyst mikið hjá algengustu aldurshópum.

Magn ufsa hefur farið vaxandi undanfarin ár og er 7–11 ára ufsi algengastur í SMN. Ýsa veiðist á öllum svæðum og fæst mest af 60 cm og stærri ýsu. Mestur ýsuaflí fékkst á árunum 2005-2008, 2011-2013 og 2017-2018.

Í skýrslunni eru einnig sýndar fjölda- og lífmassavístölur helstu fisktegunda er fást í netaralli, ásamt útbreiðslu krabba, sjófugla og spendýra.

Lýkilorð: Stofnmæling, stofnvísítölur, net, þorskur, ýsa, ufsi, botnfiskar, vöxtur, kynþroski, krabbar, sjófuglar, sjávarsþendýr.

Undirskrift verkefnisstjóra:

Valur Bogason

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Jón Sólmundur Jónasson

Efnisyfirlit

Bls.

Markmið og framkvæmd	1
Gagnasöfnun.	2
Útreikningar.....	3
Vísitölur.....	3
Heildardánartala	5
Niðurstöður	6
Vísitölur þorsks	6
Samanburður við aðrar mælingar og stofnmat.....	11
Ástand þorsks	13
Kynþroski og kynjahlutfall þorsks	17
Framgangur hrygningar þorsks í Breiðafirði	19
Vísitölur ufsa.....	20
Meðalþyngd ufsa	24
Kynþroski ufsa	25
Lengdardreifingar þorsks, ufsa og ýsu	26
Vísitölur ýmissa fisktegunda	27
Krabbar	30
Sjófuglar.....	31
Sjávarspendýr	32
Umræða.....	32
Þakkir	33
Heimildir	33
Viðaukar.....	34
Viðauki 1. Breytingar á gagnasöfnunarsvæðum og dreifingu fastra stöðva.....	34
Viðauki 2. Yfirlit yfir fjölda eftir tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli	36

Töfluskrá

Tafla 1. Svæðaskipting sem notuð er í þessari skýrslu og heiti og stærð svæðanna (sjá 1. mynd).	2
Tafla 2. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum í Breiðafirði (BRE)	36
Tafla 3. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum í Faxaflóa (FAX).	37
Tafla 4. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum grunnt við Suðvesturland (FJA).	38
Tafla 5. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum á Selvogsbanka (BAN).	39

Tafla 6. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum í Kanticum (KAN).....	40
Tafla 7. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum úti fyrir Suðausturlandi (SA)	41
Tafla 8. Fjöldi einstaklinga af tegundum sem koma reglulega fyrir í netaralli eftir árum úti fyrir Norðurlandi (N).....	42

Myndaskrá

1. mynd. Stöðvar í SMN 2018 (hvítir punktar) og svæðaskipting sem notuð er við úrvinnslu í þessari skýrslu.....	1
2. mynd. Tímasetning SMN á mismunandi svæðum frá árinu 1996.	2
3. mynd. Þorskur. Stofnvísítölur eftir svæðum í SMN.	6
4. mynd. Þorskur. Stofnvísítölur þyngd eftir svæðum í SMN, reiknað sérstaklega fyrir hverja möskvastærð 6-9".	7
5. mynd. Þorskur. Lengdardreifing í SMN árin 2018 (svört lína), 2007 (rauð lína), 1996 (blá lína) og meðaltal áranna 1996-2018 (grátt). Öll svæði.....	7
6. mynd. Þorskur. Fjöldavísítölur eftir aldri í SMN árin 1996-2017. Árgangar eru aðskildir með litum, t.d. sýna svartar súlur árganga 1992, 2000 og 2008. Öll svæði.	8
7. mynd. Þorskur. Fjöldavísítölur eftir aldri og möskvastærð í SMN árin 1996-2017. Árgangar eru aðskildir með litum, t.d. sýna svartar súlur árganga 1990, 1998 og 2006. Fjórar súlur hlið við hlið með sama lit tákna mismunandi möskvastærð sama ár; 6" net lengst til vinstri og 9" net lengst til hægri. Ath. að skalinn er mismunandi eftir aldurshópum.	9
8. mynd. Þorskur 8 til 11 ára. Metnar heildarártölur (Z) skv. vísítolum. T.d. sýnir gildi fyrir árið 2010 metnar dánartölur milli áranna 2010 og 2011.....	10
9. mynd. Þorskur. Ferlar einstakra árganga í SMN teiknaðir á log skala. Gráar hallandi línum samsvara heildarártölu (Z) = 0.5. Svörtu punktarnir sýna árið 2006 en afli jókst mjög mikið milli áranna 2006 og 2007.	10
10. mynd. Þorskur. Vísitala úr SMN á móti metnum fjölda kynþroska fisks í stofni.....	11
11. mynd. Þorskur. Frávik í sambandi vísítolu úr SMN á móti metnum fjölda kynþroska fisks í stofni.	12
12. mynd. Þorskur. Frávik í sambandi vísítolu úr SMN á móti vísítolu kynþroska fisks í stofnmælingu botnfiska (SMB).	12
13. mynd. Þorskur. Fjöldi í hrygningarstofni skv. stofnmati (súlur), vísitala úr netaralli (blá lína) og vísitala úr 6" netum í netaralli (rauð lína) fyrir árganga 1991-2009 og 5-13 ára fisk. Til samræmis eru vísítolurnar skalaðar upp með því að margfalda með 20.	13
14. mynd. Þorskur. Samanburður á vísítolum SMN (Suðausturland að Látrabjargi), SMB, SMH og stærð hrygningarstofns þorsks. Til að auðvelda samanburð eru allar mæliraðirnar sýndar sem hlutfall eigin meðaltals.....	13
15. mynd. Þorskur. Meðalþyngd (slægt) eftir aldri og árum í SMN. Öll svæði.	14
16. mynd. Þorskur. Meðalþyngd (slægt) eftir svæðum, aldri (5, 7 og 9 ára) og árum í SMN. Láréttar línum sýna meðalþyngd þorsks á rannsóknatímanum fyrir hvern aldurshóp og svæði.	14
17. mynd. Þorskur. Meðalþyngd slægðs fisks eftir lengd (70, 90 og 100 cm), svæðum og árum í SMN. Láréttar línum sýna meðalþyngd þorsks á rannsóknatímanum fyrir hvern lengdarhóp og svæði.....	15

18. mynd. Þorskur. Lifrarþyngd 70, 90 og 100 cm fisks eftir svæðum og árum í SMN. Láréttar línur sýna meðalþyngd lifrar á rannsóknatímanum fyrir hvern aldurshóp og svæði.....	15
19. mynd. Þorskur. Meðalþyngd óslægðs fisks í SMN fyrir mismunandi möskvastærðir. Öll svæði....	16
20. mynd. Þorskur. Óslægð þyngd eftir möskvastærð, sýnt fyrir þrjá mismunandi aldurflokka til vinstri og þrjár mismunandi lengdir (holdafar) til hægri. Öll svæði.....	16
21. mynd. Þorskur. Heildarvísitala ókynþroska eftir árum, hlutfall ókynþroska eftir árum og heildarvísitala ókynþroska eftir aldri fyrir öll árin.....	17
22. mynd. Þorskur. Kynþroskahlutfall eftir aldri í SMN 1996-2017. Öll svæði.	17
23. mynd. Þorskur. Hlutfall kynþroskastiga hænga eftir svæðum í SMN 1996-2018.....	18
24. mynd. Þorskur. Hlutfall kynþroskastiga hrygna eftir svæðum í SMN 1996-2018.....	18
25. mynd. Þorskur. Hlutfall kynja eftir svæðum í SMN 1996-2018.	19
26. mynd. Þorskur. Hlutfall kynþroska hrygna eftir vikum frá áramótum í Breiðafirði 2012-2017. Netaralls gögn er að finna í vikum 14 og 15, en sum ár er þeim safnað í vikunni fyrir eða á eftir.	20
27. mynd. Ufsi. Stofnvísítölur eftir svæðum í SMN.	21
28. mynd. Ufsi. Fjöldavísítölur eftir aldri í SMN árin 2002-2017. Árgangar eru aðskildir með litum, t.d. sýna svartar súlur árganga 1997 og 2005.	21
29. mynd. Ufsi. Ferlar einstakra árganga í SMN teiknaðir á log skala. Gráar hallandi línur samsvara heildardánartölju (Z) = 0.3. Svörtu punktarnir sýna árin 2006 og 2017.	22
30. mynd. Ufsi 6 til 11 ára. Metnar heildardánartölur (Z) skv. vísítolum. T.d. sýnir gildi fyrir árið 2010 metnar dánartölur milli áranna 2010 og 2011.	22
31. mynd. Vísítölur ufsa úr SMN á móti metnum fjölda í stofni.....	23
32. mynd. Ufsi. Frávik í sambandi vísítolu úr SMN á móti metnum fjölda ufsa í stofni.....	24
33. mynd. Ufsi. Meðalþyngd (óslægt) eftir aldri á öllu athugunarsvæðinu.....	24
34. mynd. Ufsi. Hlutfall kynþroskastiga hænga eftir svæðum í SMN 2002-2018.....	25
35. mynd. Ufsi. Hlutfall kynþroskastiga hrygna eftir svæðum í SMN 2002-2018.....	25
36. mynd. Lengdardreifingar þorsks, ýsu og ufsa í SMN fyrir mismunandi möskvastærðir frá því að lengdarmælingar á tegundinni hófst (árið 1996 fyrir þorsk og 2002 fyrir ýsu og ufsa). Efsta röðin sýnir fjölda fiska sem hafa veiðst af hverri lengd, miðröðin afla af hverri lengd og neðsta röðin uppsafnaðan afla. Sem dæmi um túlkun á neðstu röðinni hafa um 3900 tonn af þorski veiðst í 9" net frá upphafi netaralls, þar af um 2200 tonn minni en 100 cm og um 1700 tonn af stærri en 100 cm. .	26
37. mynd. Lengdardreifingar þorsks, ýsu og ufsa í mismunandi möskvastærðir (6-9") frá byrjun lengdarmælinga í SMN. Til að fá allar myndirnar á sama skala er deilt með 15 í fjölda þorsks en fjöldinn er annars í milljónum fiska.	27
38. mynd. Fjöldavísitala ýmissa fisktegunda eftir svæðum í SMN 1996-2018. Ath. mismunandi gildi á y-ás. Sýnasöfnun á N-svæði hófst árið 2000. Gagnasöfnun var takmörkuð á flestum svæðum árið 2001 og engin söfnun var á N-svæði.	28
39. mynd. Lífmassavísitala ýmissa fisktegunda eftir svæðum í SMN 2002-2018. Ath. mismunandi gildi á y-ás. Sýnasöfnun á N-svæði hófst árið 2000. Gagnasöfnun var takmörkuð á flestum svæðum árið 2001 og engin söfnun var á N-svæði.	29
40. mynd. Útbreiðsla krabbategunda í SMN frá árinu 2014.....	30
41. mynd. Útbreiðsla sjófugla í SMN frá árinu 2014.	31
42. mynd. Útbreiðsla sjávarspendýra í SMN frá árinu 2014.....	32

43. mynd. Breytingar á föstum stöðvum á gagnasöfnunarsvæðum 2 og 4. Stöð nr. 31 í Faxaflóa var bætt við árið 2008 og nr. 32 var bætt við árið 2014. Stöðvum nr. 31, 32 og 33 við Eyjar var bætt við árið 2011. Stöðvum nr. 34 og 35 var bætt við árið 2012 og nr. 36 árið 2016. Árið 2010 voru stöðvar nr. 17, 18 og 19 felldar út. Stöð nr. 23 var bætt við árið 2010 en felld niður aftur árið 2013. Stöð nr. 24 var bætt við árið 2010 en felld út árið 2012..... 34

44. mynd. Breytingar á föstum stöðvum á gagnasöfnunarsvæði 6. Stöðvum nr. 31, 32, 35, 36, 37, 38 var bætt við árið 2009. Stöð nr. 34 var bætt við árið 2010 og stöð nr. 33 árið 2014. Stöðvar nr. 4, 14, 10 og 25 voru felldar niður árið 2009. Árið 2010 voru felldar niður stöðvar nr. 1, 2, 3, 5, 23, 6, 20, 21, 22, 13, 17, 19 og 20..... 35

Markmið og framkvæmd


Markmið stofnmælingar hrygningarporsks með þorskanetum (SMN, netarall) er að safna upplýsingum um líffræði þorsks á helstu hrygningarsvæðum umhverfis Ísland. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á mismunandi svæðum. Auk þess er safnað upplýsingum um aðrar tegundir sem fást í netin og umhverfisþætti eins og t.d. botnhita, yfirborðshita, sjóndýpi og veðurlag. Verkefnið beinist fyrst og fremst að þorski, en mælingar á öðrum tegundum voru auknar árið 2002.

Miðað er við að netarall hefjist sem næst 1. apríl ár hvert þannig að það fari að mestu fram á sama tíma og hámark hrygningar þorsks við Ísland og veiðibann vegna þorskhrygningar. Frá því netarall hófst árið 1996 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á sýnatöku. Fyrstu fjögur árin var eingöngu farið á hrygningarsvæði suður og vestur af landinu, en frá árinu 2000 hefur einnig verið farið á hrygningarsvæði fyrir norðan land. Ekki náðist að ljúka sýnatöku árið 2001 vegna verfalls, nema í Breiðafirði þar sem allar stöðvar voru teknar.

Helmingur stöðva í SMN er fastur þ.e. staðsetning breytist ekki milli ára. Fyrir hverja fasta stöð velur skipstjóri síðan lausa stöð í 0.5-4 sjómílna fjarlægð frá föstu stöðinni.

Árið 2010 voru gagnasöfnunarsvæði fyrir norðan land sameinuð í eitt svæði og stöðvum fækkað. Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á föstum stöðvum frá því verkefnið hófst og verður gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu (sjá viðauka 1). Nákvæm lýsing á framkvæmd stofnmælingarinnar er gefin í handbók verkefnisins ár hvert (sjá Valur Bogason o.fl. 2018). Árið 2010 var gerð ítarleg grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum SMN árin 1996-2009 (Ingibjörg G. Jónsdóttir o.fl. 2010).


Farið hefur verið í SMN í 23 ár og net verið lögð árlega á um 300 stöðvum allt í kringum landið, nema við Vestfirði (utan 6 trossur í Ísafjarðardjúpi árin 2002-2009) og Austfirði (1. mynd). Tímasetning rannsóknanna hefur verið svipuð öll árin, en hún hefur verið breytilegust á N svæði (2. mynd).



1. mynd. Stöðvar í SMN 2018 (hvítir punktar) og svæðaskipting sem notuð er við úrvinnslu í þessari skýrslu.

Tafla 1. Svæðaskipting sem notuð er í þessari skýrslu og heiti og stærð svæðanna (sjá 1. mynd).

Svæði	Stutt heiti	Skammst.	Stærð (km ²)
Breiðafjörður og utanvert Snæfellsnes	Breiðafjörður	BRE	2719
Faxaflói og utanvert Reykjanes	Faxaflói	FAX	3493
Við landið frá Grindavík austur að Dyrhólaey	Fjaran	FJA	2542
Selvogsbanki og Grindavíkurdjúp	Bankinn	BAN	2203
Kanturinn austan Vestmannaeyja að Skeiðarárdjúpi	Kanturinn	KAN	1003
Suðausturland frá Meðallandsbug að Hvítungum	Suðausturland	SA	4235
Norðurland frá Húnaflóa að Þistilfirði	Norðurland	N	6090



2. mynd. Tímasetning SMN á mismunandi svæðum frá árinu 1996.

Í SMN hafa frá upphafi verið notuð net með 6, 7, 8 og 9" (tommu) möskvum, jafnmörg net af hverri möskvastærð á hverri stöð (trossu). Í flestum trossum eru 12 net en nokkrar trossur í Kantinum við Vestmannaeyjar eru með 24 net. Fyrstu árin voru gerðar breytingar á girni í netum (sjá 3. töflu í Ingibjörg G. Jónsdóttir o.fl. 2010), en frá árinu 2001 hafa bæði eingirnis og fjölgirnisnet verið notuð í öllum möskvastærðum og uppröðun neta verið stöðluð.

Gagnasöfnun

Þrír til fimm rannsóknarnar eru á hverju skipi og sjá þeir um talningu, lengdarmælingu og kvörnun fiska, auk skráningar á upplýsingum um hverja stöð. Áhöfnin sér um að greiða fisk úr netum og taka frá fisk í lengdarmælingu og kvörnun.

Úr hverju neti eru að hámarki 25 þorskar lengdarmældir og 1 þorskur kvarnaður. Fyrsti þorskur í hverju neti er tekinn frá í kvörnun. Þá tekur við lengdarmæling þar til hámarki er náð en afgangurinn er talinn. Fram að netaralli árið 2018 voru 1-3 þorskar kvarnaðir á ákveðnum

svæðum í Fjörunni og vestast á Bankanum, en frá og með 2018 var einn þorskur kvarnaður úr hverju neti á öllum svæðum.

Árin 1996-2001 var eingöngu þorskur lengdarmældur en síðan 2002 hafa 10 fyrstu fiskar allra tegunda í hverju neti verið lengdarmældir. Einnig hefur fyrsti ufsi í hverju neti verið kvarnaður frá árinu 2002.

Lengdarmældir þorskar og ufsar eru kyn og kynþroskagreindir. Hjá kvörnuðum fiski eru óslægð þyngd, slægð þyngd, þyngd lifrar og þyngd kynkirtla einnig skráð.

Tölvuskráning á aukafla eins og sjávarspendýrum og fuglum hófst árið 2010. Auk þess er hnís lengdarmæld. Fyrir þann tíma var skráning á eyðublöð og er meira um eyður í skráningu þessara hópa fyrir 2010.

Auk mælinga á afla eru skráðar fyrir hverja stöð upplýsingar um staðsetningu, tíma þegar trossan var lögð og dregin, dýpi á báðum endum, vindhraða, vindátt, lofthita, skýjamagn, ölduhæð og loftþrýsting. Einnig er sjávarhiti mældur með síritandi hitamælum sem festir eru á sumar trossanna.

Frá byrjun SMN hefur talsvert verið um aukaverkefni og gagnasöfnun sem bætt hefur verið við hefðbundna sýnatöku. Sem dæmi má nefna söfnun erfðasýna úr þorski og ufsa.

Útreikningar

Vísitölur

Vísitölur voru reiknaðar fyrir hvert svæði (1. mynd, Tafla 1) skv. aðferð Cochran (1977). Upplýsingar um útreikninga vísitalna má finna í fyrra skýrslu um verkefnið (Ingibjörg G. Jónsdóttir o.fl. 2010) og í skýrslu um stofnmælingu botnfiska (Höskuldur Björnsson o.fl. 2007).

Aldursgreindar vísitölur voru bæði reiknaðar fyrir allar möskvastærðir og einnig fyrir hverja möskvastærð fyrir sig. Aldursgreindar vísitölur ná aðeins til ársins 2017 því ekki er lokið að aldursgreina gögn frá árinu 2018. Vísitölur voru reiknaðar út fyrir árið 2001 þótt einungis um helmingur stöðva hafi verið tekinn vegna verkfalls (engin stöð fyrir norðan). Staðsetning stöðva fyrir norðan hefur verið nokkuð breytileg.

Eitt af vandamálunum við að reikna vísitölur, meðalþyngd o.fl. í SMN, er að kvarnasöfnun er óháð afla í net því á flestum svæðum er einungis fyrsti fiskur sem fæst í hvert net kvarnaður og vigtaður. Í stofnmælingum botnfiska í mars og að hausti (SMB og SMH) er söfnunin háð fjölda fiska þó reyndar sé gólf og þak á söfnuninni.

Vísitölur fyrir þorsk voru reiknaðar fyrir öll svæðin, en þegar þróun vísitalna er sýnd er oft horft eingöngu á þau svæði sem net hafa verið lögð á frá upphafi netaralls þ.e. Breiðafjörð, Faxaflóa, Fjöruna suðvestanlands, Bankanum, Kantinn austan við Eyjar og Suðausturland (1. mynd).

Við útreikninga á vísitöllum er hér reiknað með að hvert net sé 50 metra langt og áhrifasvæði þess 0.5 sjómílur (926 m). Áhrifasvæði netsins er **áætlað** enda er sú stærð óþekkt og örugglega mjög breytileg.

Aldursgreindar vísitölur voru reiknaðar fyrir allar möskvastærðir og einnig fyrir hverja möskvastærð fyrir sig, enda má líta á hverja möskvastærð sem sérstaka stofnmælingu. Kvarnir úr SMB voru notaðar með litlu vægi (0.003) og þegar aldurs-lengdarlyklar voru reiknaðir fyrir tiltekið svæði voru kvarnir frá öðrum svæðum sama ár notaðar með litlu vægi (Höskuldur Björnsson o.fl. 2007). Kvarnir með minna vægi hafa lítil áhrif í lengdarflokkum þar sem eitthvað

er af sýnum. Þær eru hins vegar nauðsynlegar því oft vantar kvarnasýni fyrir stærsta og minnsta fiskinn sem mjög lítið kemur af.

Útreikningar á vísitöllum fara þannig fram:

1. Samband lengdar og óslægðrar þyngdar/slægðrar þyngdar/lifrarþyngdar er reiknað fyrir hvert ár, svæði og möskvastærð þegar við á.
2. Aldurgreindar kvarnir frá hverju ári og svæði eru notaðar til að skipta fiski í hverjum lengdarflokkum í aldursflokka (aldurs-lengdarlyklar) og tvö kynþroskastig (ókynþroska, kynþroska).
3. Lengdardreifing fisks á hverri stöð (neti) er sköluð með talningum og heildarfjöldi af hverri lengd á stöðinni reiknaður.
4. Lengdar-þyngdar sambandið sem er fundið í skrefi 1 er notað til að reikna slægðan og óslægðan lífmassa og lifrarmassa eftir lengd á hverri stöð.
5. Tölurnar úr skrefi 4 eru margfaldaðar með aldur-lengdarlyklunum í lið 2 til að finna sömu stærdir eftir aldri. Að auki eru heildarfjöldi og óslægður lífmassi reiknuð eftir aldri og kynþroska.

Að þessum skrefum loknum eru eftirfarandi gildi til fyrir hverja stöð og aldursflokk (þar sem a vísar í aldur):

1. Heildarfjöldi N_a
2. Fjöldi kynþroska $N_{mat;a}$
3. Heildarlífþyngd B_a
4. Heildarlífþyngd kynþroska $B_{mat;a}$
5. Heildarlífþyngd slægð $B_{sl;a}$
6. Heildarlífþyngd lifrar $B_{li;a}$

Næsta skref er síðan að reikna vísitöllur fyrir öll þessi gildi. Allar vísitöllur voru reiknaðar með sömu forskrift (Ingibjörg G. Jónsdóttir o.fl. 2010, Höskuldur Björnsson o.fl. 2007) og fást þá vísitöllur fyrir fyrrgreindar stærðir, bæði fyrir allt athugunarsvæðið og einstök undirsvæði (1. mynd).

Út frá þessum vísitöllum eru síðan reiknuð kynþroskahlutföll eftir aldri, meðalþyngd kynþroska fisks, meðalþyngd óslægt, meðalþyngd slægt og meðalþyngd lifrar eftir aldri;

- $W_{a,y,r} = \frac{U_{B,a,y,r}}{U_{N,a,y,r}}$
- $W_{sl,a,y,r} = \frac{U_{B,sl,a,y,r}}{U_{N,a,y,r}}$
- $W_{li,a,y,r} = \frac{U_{B,li,a,y,r}}{U_{N,a,y,r}}$
- $P_{mat,a,y,r} = \frac{U_{N,mat,a,y,r}}{U_{N,a,y,r}}$

- $W_{mat,a,y,r} = \frac{U_{B,mat,a,y,r}}{U_{N,mat,a,y,r}}$

þar sem a vísar í aldur, y í ár og r í svæði sem getur verið hvert af undirsvæðunum (1. mynd), samsetningar af þeim eða allt svæðið.

Lengdar - þyngdarsambandið er reiknað fyrir hvert svæði og tímabil skv.

- $\log(W_{l,r,y}) = s(\log(l), df = 4)$

þar sem l er lengd fisksins, r svæði og y ár. Á hverju ári eru vigtanir frá öðrum svæðum teknað með en vegnar mikið niður. Það er vegna þess að oft vantar smæsta og/eða stærsta fiskinn í kvörnun (vigtun) á tilteknu svæði.

$s(\log(l), df = 4)$ er „smoothing spline“ með 4 frígráðum og gefur heldur meiri sveigjanleika en hefðbundna jafnan $W = \alpha \times l^\beta$

Sama nálgun er notuð fyrir slægða þyngd og lifrarþyngd eftir lengd.

Þegar reiknaðar eru vísitolur fyrir mismunandi möskvastærðir þarf að taka tillit til þess að oftast er fiskur sem fæst í stærri net þyngri en jafnlangur fiskur sem fæst í smærri net. Því er lengdar-þyngdar sambandið reiknað sér fyrir hverja möskvastærð, ár og svæði.

- $\log(W_{l,r,y,m}) = s(\log(l), df = 3)$

þar sem m vísar til möskvastærðar. Frígráðum í þessari jöfnu er fækkað miðað við jöfnuna sem gildir fyrir allar möskvastærðir enda minna af gögnum. Aðrar möskvastærðir á sama svæði eru notaðar með minna vægi (0.01) og eins og lýst var að framan eru gögn frá öðrum svæðum tekin með, með enn minna vægi.

Við útreikninga vísitalna eftir möskvastærð, eru kvarnir fyrir aðrar möskvastærðir frá sama svæði, kvarnir frá öðrum svæðum sama ár og kvarnir úr SMB sama ár, nýttar við útreikninga á aldurs-lengdarlyklum og hafa þá lítið vægi.

Útreikningar á vísitolum fyrir mismunandi möskva eru framkvæmdir á nákvæmlega sama hátt og fyrir alla möskva saman, nema gögn úr 25% netanna eru notuð í hvert sinn.

Heildardánartala

Heildardánartala (Z) var reiknuð fyrir mismunandi aldurshópa og ár sem:

- $Z_{a,y} = \log\left(\frac{U_{a,y}}{U_{a+1,y+1}}\right)$

þar sem U = fjöldavísitala, a = aldur og y = ár


Fyrir eldri fisk er heildardánartalan mælikvarði á afföll í stofni, en fyrir yngri fisk er ekki hægt að túlka Z þannig. Hlutfall sem verður kynþroska vex með aldri og hærra hlutfall hvers aldursflokkss nær þeirri stærð sem festist í netunum. Fjöldavísitolur í SMN eru hæstar hjá 8 ára þorski þannig að þorskurinn er ekki að fullu kominn inn í SMN fyrr en 8 ára eða eldri. Breytileiki í aflabréðum milli ára hefur áhrif á útreiknuð Z gildi.

Niðurstöður

Vístölur þorsks


Á flestum svæðum (1. mynd) hefur stofnvísitala þorsks verið í hámarki frá árinu 2011, eftir að hafa verið í lágmarki árin 2002-2006. Samanburður milli svæða sýnir að stofnvísitalan er lægst fyrir norðan land og í Kanticum austan við Eyjar. Kanturinn sker sig úr því þar var afli í hámarki fyrstu árin en mjög lítið hefur fengist frá árinu 2010 (3. mynd).

Stofnvísitolur sem reiknaðar eru aðskilið fyrir mismunandi möskvastærðir sýna að heldur meira magn veiðist í 7 og 8" net, en í 6 og 9" net (4. mynd). Þróunin er mjög svipuð fyrir allar möskvastærðir þó aukningin hafi orðið heldur meiri í stærri möskvana. Það er í samræmi við væntingar um að með minnkandi veiðíalagi vaxi magn eldri/stærri fisks meira, en sá fiskur kemur meira í stærri möskvana.




3. mynd. Þorskur. Stofnvísitolur (þyngd) eftir svæðum í SMN.

Lengdardreifing þorsks breytist lítið frá ári til árs, en undanfarið hefur meira fengist af stærri fiski en árin 1996-2007 (5. mynd). Það er í samræmi við aukinn aldur og stærð hrygningarborsks samkvæmt stofnmati og er eðlileg afleiðing minni sóknar.




4. mynd. Þorskur. Stofnvisítölur (þyngd) eftir svæðum í SMN, reiknað sérstaklega fyrir hverja möskvastærð 6-9”.




5. mynd. Þorskur. Lengdardreifing í SMN árin 2018 (svört lína), 2007 (rauð lína), 1996 (blá lína) og meðaltal áranna 1996-2018 (grátt). Öll svæði.

Fjöldavísítölur eftir aldri sýna að 7-8 ára fiskur er algengastur í netaralli (6. og 7. mynd). Þorskar yngri en 5 ára eru sjaldgæfir og fjöldi þeirra hefur farið minnkandi meðan fjöldi eldri fisks hefur aukist. Vel kemur fram í gögnunum að 6“ netin veiða mest af 7 ára og yngri fiski en 8 og 9“ netin mest af 10 ára og eldri þorski (7. mynd).




6. mynd. Þorskur. Fjöldavísítölur eftir aldrí í SMN árin 1996-2017. Árgangar eru aðskildir með litum, t.d. sýna svartar súlur árganga 1992, 2000 og 2008. Öll svæði.




7. mynd. Þorskur. Fjöldavísítölur eftir aldri og möskvastærð í SMN árin 1996-2017. Árgangar eru aðskildir með litum, t.d. sýna svartar súlur árganga 1990, 1998 og 2006. Fjórar súlur hlið við hlið með sama lit tákna mismunandi möskvastærð sama ár; 6" net lengst til vinstri og 9" net lengst til hægri. Ath. að skalinn er mismunandi eftir aldurshópum.

Fjöldavísítölur árganga eftir aldri gefa upplýsingar um heildardánartölur (Z) fyrir þá aldursflokkka sem eru að fullu komnir í stofnmælinguna. Fyrir yngstu aldursflokkana sem eru að litlu leyti komnir inn í mælinguna eru gildi fyrir Z neikvæð. Heildardánartölur flestra aldurshópa hafa lækkað á rannsóknartímanum (8. og 9. mynd) en eru mjög breytilegar. Þessi breytileiki er vegna breytileika í aflabréögðum milli ára, t.d. vegna skyggnis, strauma eða annarra þátta. Mest áberandi frávakin eru milli áranna 2006 og 2007 þegar Z gildi eru neikvæð fyrir nær alla aldursflokkka. Afli í netaralli rúmlega tvöfaldaðist milli áranna 2006 og 2007, en á sama tíma minnkaði hrygningarástofninn um ca. 5% skv. stofnmati.



8. mynd. Þorskur 8 til 11 ára. Metnar heildardánartölur (Z) skv. vísitöllum. T.d. sýnir gildi fyrir árið 2010 metnar dánartölur milli áranna 2010 og 2011.




9. mynd. Þorskur. Ferlar einstakra árganga í SMN teiknaðir á log skala. Gráar hallandi línum samsvara heildardánartolu (Z) = 0.5. Svörtu punktarnir sýna árið 2006 en afli jókst mjög mikið milli áranna 2006 og 2007.

Samanburður við aðrar mælingar og stofnmat

Samband vísalna úr netaralli og stofnmats bendir til ágæts samræmis hjá 8-11 ára fiski en lélegra hjá 6 ára og yngri (10. mynd). Netarallið var í upphafi hugsað sem mæling á hrygningarstofni þorsks og staðsetning neta byggist á áratuga og jafnvel alda gamalli reynslu á veiðum á hrygningarfiski. Í netaralli veiðist þó ekki eingöngu hrygningarfiskur og yngri fiskur er að verulegu leyti ókynþroska. Það er ekki fyrr en við 6 ára aldur sem yfirgnæfandi hluti þorsks í netaralli (88%) er kynþroska. Í SMB er tæpur helmingur 6 ára þorsks kynþroska og kynþroskahlutfall 8 ára þorsks sambærilegt við það sem er hjá 6 ára þorski í netaralli.

Aldurssamsetning þorsks í SMN 1996-2017 sýnir að 67% af þyngd eru 8 ára og eldri og 87% eru 7 ára og eldri. Á sama tímabili voru 8 ára og eldri aðeins 20% af viðmiðunarstofninum sem aflamark er byggt á og 35% 7 ára og eldri. Sé litið á einstakar möskvastærðir í SMN fæst að sjálfsögðu ekki nákvæmlega sama mynd (7. mynd) þó þróun heildarvísitölu sé suð sama í öllum möskvastærðum.




10. mynd. Þorskur. Vísitala úr SMN á móti metnum fjölda kynþroska fisks í stofni.

Frávik í sambandi fjölda í stofni og vísalna SMN eru öll neikvæð á árunum 2002-2006 (11. mynd), enda var afli í netaralli með minnsta móti á þessum árum. Frávik í sambandi vísalna úr SMB og SMN eru svipuð, en þó eru þau meiri fyrir eldri fisk en heldur minni fyrir 5 ára fisk (12. mynd).


Þróun einstakra árganga í hrygningarstofni og SMN sýnir að yngri kynþroska fiskur skilar sér oft í minna mæli í SMN en sa eldri (13. mynd). Samræmið virðist þó vera betra í nýjustu árgöngunum. Vísitala byggð eingöngu 6" netum sýnir svipað mynstur og stofnmat.

Ágætt samræmi er á þróun heildar stofnvísalna úr SMN, SMB og SMH og stærðar hrygningarstofns samkvæmt stofnmati (14. mynd). Hlutfallsleg frávik geta þó verið mikil og í


öllum tilfellum skiptir máli hvaða stofnhluti er notaður. Megin þróunin í öllum ferlunum er meira en tvöföldun á stærð hrygningarástofns frá árinu 2007.




11. mynd. Þorskur. Frávik í sambandi vísitölu úr SMN á móti metnum fjölda kynþroska fisks í stofni.



12. mynd. Þorskur. Frávik í sambandi vísitölu úr SMN á móti vísitölu kynþroska fisks í stofnmælingu botnfiska (SMB).



13. mynd. Þorskur. Fjöldi í hrygningarástofni skv. stofnmati (súlur), vísitala úr netaralli (blá lína) og vísitala úr 6" netum í netaralli (rauð lína) fyrir árganga 1991-2009 og 5-13 ára fisk. Til samræmis eru vísítölurnar skalaðar upp með því að margfalta með 20.




14. mynd. Porskur. Samanburður á vísítölu SMN (Suðausturland að Látrabjargi), SMB, SMH og stærð hrygningarástofns þorsks. Til að auðvelda samanburð eru allar mæliraðirnar sýndar sem hlutfall eigin meðaltals.


Ástand þorsks

Meðalþyngd þorsks eftir aldri, samantekið fyrir öll svæði, fór lækkandi fyrstu 10 árin í SMN, en hefur síðan hækkað (15. mynd). Meðalþyngd eftir aldri er þó mjög ólík eftir svæðum og hefur þróast með ólíkum hætti (16. mynd). Þorskar í Kanticum og fyrir Norðan land eru léttari en jafngamlir þorskar á öðrum svæðum, en dregið hefur úr mun milli N svæðis og annarra svæða undanfarin ár. Fyrir vestan og norðan land hefur meðalþyngd eftir aldri aukist frá árinu 2006, en á SA svæði hefur meðalþyngd lækkað verulega á rannsóknatímanum. Árin 1996-1999 fékkst

þyngsti þorskurinn í hverjum aldurshópi á SA svæði, en undanfarin ár hefur hann fengist á hrygningarsvæðunum fyrir suðvestan og vestan land (18. mynd).



15. mynd. Þorskur. Meðalþyngd (slægt) eftir aldri og árum í SMN. Öll svæði.




16. mynd. Þorskur. Meðalþyngd (slægt) eftir svæðum, aldri (5, 7 og 9 ára) og árum í SMN. Láréttar línur sýna meðalþyngd þorsks á rannsóknatímanum fyrir hvern aldurshóp og svæði.


Holdafar þorsks (hér metið sem slægð þyngd miðað við lengd) er yfirleitt betra við Breiðafjörð, Faxaflóa og í Fjörunni suðvestanlands en á öðrum svæðum (17. mynd). Frá 1996 hefur holdafar sveiflast kringum ákveðið meðaltal á flestum svæðum, en í Kanticum og á SA svæði hefur það versnað. Í því sambandi má hafa í huga að magn þorsks við Breiðafjörð hefur verið í hámarki undanfarin ár meðan lítið hefur fengist af fiski í Kanticum.

Lifrarþyngd við gefna lengd er mest fyrir vestan en minnst fyrir norðan (18. mynd). Þróunin frá upphafi SMN hefur verið í átt að þyngri lifur, nema í Kanticum. Breytileikinn í lifrarþyngd frá

ári til árs er mestur við Breiðafjörð. Árið 1999 sker sig úr því þá voru lifrar í Breiðafirði og Faxaflóða mjög léttar.




17. mynd. Þorskur. Meðalþyngd slægðs fisks eftir lengd (70, 90 og 100 cm), svæðum og árum í SMN. Láréttar línur sýna meðalþyngd þorsks á rannsóknatímanum fyrir hvern lengdarhóp og svæði.




18. mynd. Þorskur. Lifrarþyngd 70, 90 og 100 cm fisks eftir svæðum og árum í SMN. Láréttar línur sýna meðalþyngd lifrar á rannsóknatímanum fyrir hvern aldurshóp og svæði.

Athyglisvert er hve mikið (um 30-40%) meðalþyngd þorsks jókst í allar möskvastærðir frá 2004 til 2014. Vegna mismunandi möskvastærða í trossum, má í raun líta á SMN sem fjórar mismunandi stofnmælingar. Þyngd fisks sem kemur í mismunandi net er mjög mismunandi (19. mynd), bæði vegna þess að stærri möskvi veiðir eldri fisk (7. mynd) og meðalþyngd við gefna lengd og aldur er yfirleitt meiri í netum með stærri möskva (20. mynd).



19. mynd. Þorskur.
Meðalþyngd óslægðs fisks í
SMN fyrir mismunandi
möskvastærðir. Öll svæði.




20. mynd. Þorskur. Óslægð þyngd eftir möskvastærð, sýnt fyrir þrjá mismunandi aldurflokka til vinstri og þrjár mismunandi lengdir (holdafar) til hægri. Öll svæði.

Kynþroski og kynjahlutfall þorsks

Hlutdeild ókynþroska þorsks var 10-17% fyrstu árin en hefur lækkað í 5% síðustu ár (21. mynd). Flestir ókynþroska þorskar sem veiðast eru 5 og 6 ára en einnig fæst töluvert af 4 og 7 ára ókynþroska fiski. Fjöldi yngri þorska sem veiðast í SMN hefur hins vegar farið minnkandi með tímanum sem gæti verið vísbending um að minna af þorski alist upp í Faxaflóa og Breiðafirði.

Kynþroskahlutfall eftir aldri hefur hins vegar ekki breyst mikið hjá algengustu aldurshópum á rannsóknatímanum (22. mynd). Á bilinu 50-75% af 5 ára þorski eru kynþroska og við 8 ára aldur eru nær allir þorskar orðnir kynþroska. Kynþroskahlutfall 3 ára þorsks hefur lækkað með tímanum en fjöldi 3 ára þorska er lítill. Hjá 4 ára þorski er kynþroskahlutfall mjög breytilegt en engin langtímaþróun sjáanleg.




21. mynd. Þorskur. Heildarvísitala ókynþroska eftir árum, hlutfall ókynþroska eftir árum og heildarvísitala ókynþroska eftir aldri fyrir öll árin.




22. mynd. Þorskur. Kynþroskahlutfall eftir aldri í SMN 1996-2017. Öll svæði.

Meirihluti hænga var á flestum svæðum á kynþroskastigi 3 (rennandi). Í Kantinum austur af Eyjum var hlutfall rennandi hænga þó yfirleitt undir 50% en hlutfall á kynþroskastig 2 (kynþroska en ekki rennandi) var hærra (23. mynd). Hlutfallslega mest var um ókynþroska hænga í Breiðafirði og Faxaflóa, einkum fyrstu 10 ár rannsóknanna.

Í Kantinum voru langflestar hrygnur á stigi 2 og hlutfall þeirra í Breiðafirði var einnig hátt. Á öðrum svæðum var jafnara hlutfall af hrygnum á kynþroskastigi 2 og 3. Líkt og hjá hængum, fékkst mest af ókynþroska hrygnum í Breiðafirði og Faxaflóa, einkum fyrstu árin (24. mynd).




23. mynd. Þorskur. Hlutfall kynþroskastiga hænga eftir svæðum í SMN 1996-2018.



24. mynd. Þorskur. Hlutfall kynþroskastiga hrygna eftir svæðum í SMN 1996-2018.

Í SMN fæst yfirleitt heldur meira af hængum en hrygnum (25. mynd). Hlutföllin eru þó misjöfn milli svæða; við Breiðafjörð kemur jafn mikið af hvoru kyni en í Fjörunni og á Bankanum hafa hængar verið í meirihluta öll árin. Sama má segja um SA-svæðið fyrstu árin og Faxaflóá árin 2005-2013. Ekki er ljóst af hverju þetta stafar, en í Fjörunni og á Bankanum er yfirleitt hátt hlutfall rennandi hrygna, þó ekki árið 2017 (24. mynd).




25. mynd. Þorskur. Hlutfall kynja eftir svæðum í SMN 1996-2018.

Framgangur hrygningar þorsks í Breiðafirði

Frá árinu 2010 hafa sýni verið greind úr afla neta- og dragnótarbáts sem stundar veiðar á hrygningarporski í Breiðafirði, alls um 50 hrygnur í hverri viku. Fyrstu tvö árin náðist ekki að safna út hrygningartímann og voru síðustu sýni tekin í viku 16. Árið 2018 misförst sýnatakan og ekki eru til gögn fyrir það ár. Söfnun er bæði í net og dragnót, en nauðsynlegt var að nota sýni úr dragnót til að ná sýnum frá seinni hluta hrygningar, en veiðar með netum og dragnót fóru fram á sama svæði.

Hámark hrygningar í Breiðafirði frá árinu 2012 hefur verið í 15. og 16. viku og hrygningu að mestu lokið í 17. viku (26. mynd). Tímasetning netaralls fer því nokkuð vel saman við hámark hrygningarinna, þar sem það fer yfirleitt fram í vikum 14 og 15. Sum ár er gögnum í netaralli einnig safnað í vikunni á undan eða á eftir, t.d. náði netarallið fram í 16. viku árin 2012 og 2015, en 16. vika hefst um 100. dag ársins (2. mynd).




26. mynd. Þorskur. Hlutfall kynþroska hrygna eftir vikum frá áramótum í Breiðafirði 2012-2017. Netaralls gögn er að finna í vikum 14 og 15, en sum ár er þeim safnað í vikunni fyrir eða á eftir.

Vísitölur ufsa


Ufsi er sú tegund sem næst mest veiðist af í SMN. Magn ufsa er samt innan við 5% af magni þorsks, þrátt fyrir að stærð ufsastofnsins sé áætluð rúmlega 20% af stærð þorskstofnsins, enda er verkefnið hannað m.t.t. hrygnandi þorsks. Ufsi veiðist víða í SMN og hefur magnið farið vaxandi. Mjög lítið fæst af ufsa fyrir norðan (27. mynd).

Mest mælist af 7-11 ára ufsa í SMN (28. mynd). Metin heildarántala hjá eldri ufsa í SMN er mjög lág (29. mynd) eða nálægt 0.3. Gæti það verið vísbending um mjög lágan fiskveiðidauða hjá þessum aldursflokkum, en megnið af ufsaveiði fiskiskipa er 4-5 ára ufsi. Einnig er mögulegt að veiðimynstur SMN sé þannig að ufsinn komi seint inn í mælinguna.


Breytileiki í metnum heildarafföllum er mikill (30. mynd), mun meiri en hjá þorski. Eins og hjá þorski, mælast „lægstu afföllinn“ milli áranna 2006 og 2007 en magn ufsa í SMN jókst mikið milli þeirra ára.




